

Aðalfundur Marel hf. 2023

verður haldinn rafrænt og í höfuðstöðvum félagsins að Austurhrauni 9, 210 Garðabæ, miðvikudaginn **22. mars nk., kl. 16:00**

Drög að dagskrá:

- Fundarsetning. Kosning fundarstjóra og fundarritara
- Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess síðastliðið starfsár
- Skýrsla forstjóra
- Ársreikningar félagsins fyrir starfsárið 2022 lagðir fram til staðfestingar (**kosning**)
- Ákvörðun um hvernig skuli fara með hagnað fyrir starfsárið 2022 (**kosning**)
- Skýrsla um framkvæmd starfskjarastefnu félagsins
- Tillaga um starfskjarastefnu félagsins (**kosning**)
- Tillaga um stefnu félagsins um kaupauka í formi frammistöðutengdra hlutabréfa (**kosning**)
- Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna árið 2023 (**kosning**)
- Ákvörðun um greiðslu til endurskoðanda fyrir liðið starfsár (**kosning**)
- Tillögur stjórnar um breytingar á samþykktum félagsins:
 - Ný grein 4.3** – Tillaga um að bæta við nýrri grein þess efnis að félaginu sé heimilt að binda heimild hluthafa til þátttöku á hluthafafundi við að hluthafi tilkynni um þátttöku sína fyrir tiltekinn skráningardag, í samræmi við ákvæði 1. gr. laga nr. 119/2022 um breytingu á lögum nr. 2/1995 um hlutafélög. (**Kosning**)
 - Grein 4.5** – Tillaga um breytingu á grein 4.5, ef tillaga 11.1 er samþykkt, til að samræma frest vegna tilkynningar um rafræna þátttöku við skráningarfrest vegna þátttöku á hluthafafundum. (**Kosning**)
 - Grein 4.20** – Tillaga um breytingu á grein 4.20, ef tillaga 11.1 er samþykkt, þannig að tiltekið sé að upplýsingar um skráningardag skuli koma fram í fundarboði til hluthafafundar. (**Kosning**)
 - Grein 4.22** – Tillaga um breytingu á grein 4.22 um rétt hluthafa til að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á hluthafafundi þannig að krafa um það skuli berast félagsstjórn eigi síðar en sjö dögum eftir að gögn skv. 4. mgr. 88. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög hafa verið birt. Þessi breyting er í samræmi við ákvæði 2. gr. laga nr. 119/2022 um breytingu á lögum nr. 2/1995 um hlutafélög. (**Kosning**)
 - Grein 15.2** – Tillaga um endurnýjun heimildar í grein 15.2 í samþykktum félagsins. Greinin heimilar stjórn félagsins að hækka hlutafé um allt að 75 milljónir að nafnvirði sem nota má í tengslum við fyrirtækjakaup. (**Kosning**)
- Kosning stjórnar félagsins
Framboð til stjórnar:
 - Ann Elizabeth Savage (**kosning**)
 - Arnar Þór Mátsson (**kosning**)
 - Ástvaldur Jóhannsson (**kosning**)
 - Lillie Li Valeur (**kosning**)
 - Ólafur Steinn Guðmundsson (**kosning**)
 - Svafa Grönfeldt (**kosning**)
 - Ton van der Laan (**kosning**)
- Kosning endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis (**kosning**)
- Tillaga um að endurnýja heimild félagsins til að kaupa eigin hlutabréf (**kosning**)
- Önnur mál löglega upp borin og fundarslit

Aðalfundurinn verður rafrænn, auk þess sem hluthafar geta mætt á fundinn í höfuðstöðvum félagsins. Atkvæðagreiðsla bæði fyrir og á meðan aðalfundi stendur mun eingöngu fara fram með rafrænum hætti. Hluthafar eiga rétt á að tilnefna umboðsmann til að mæta og kjósa fyrir sína hönd.

Allir hluthafar þurfa að skrá þátttöku sína fyrir aðalfundinn eins og fram kemur hér að neðan. Bent er á að hluthafar sem eiga bæði hlutabréf skráð á Nasdaq á Íslandi og í Euronext kauphöllinni í Amsterdam, verða að fara eftir leiðbeiningum fyrir hvorn markað um sig. Skráning á aðalfundinn og kosning fyrir fundinn hefst kl. 12 föstudaginn 17. febrúar og lýkur henni kl. 12 á hádegi á fundardegi.

Hluthafar sem eiga hlutabréf skráð á Nasdaq á Íslandi skrá þátttöku á aðalfundinn í gegnum vefgátt LUMI AGM á www.lumiconnect.com/meeting/marel2023 og fá í kjölfar skráningar send aðgangsaðkenni til að taka þátt í fundinum og greiða atkvæði bæði fyrir og meðan á fundi stendur.

Hluthafar sem eiga hlutabréf skráð í Euronext kauphöllinni í Amsterdam skrá þátttöku á aðalfundinn með milligöngu vörsluaðila hlutabréfanna. ABN AMRO er umboðsaðili Marel vegna hlutabréfa sem skráð eru í Euronext kauphöllinni og vörsluaðilar skrá þátttöku á aðalfundinn í gegnum vefsíðuna www.abnamro.com/intermediary. Hluthafar geta einnig skráð sig á aðalfundinn í gegnum vefsíðuna www.abnamro.com/evoting. Hluthafar sem eiga hlutabréf sem skráð eru í Euronext kauphöllinni geta ekki skráð sig á aðalfundinn við inngang fundarins og skráning á aðalfundinn verður að hafa borist félaginu fyrir kl. 12 á fundardag.

Framboð til setu í stjórn félagsins skulu berast skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti 14 dögum fyrir upphaf aðalfundar, þ.e. fyrir kl. 16 miðvikudaginn 8. mars.

Hluthafar eiga rétt á að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á hluthafafundi og skal kröfu þar um fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun til stjórnar. Tillögum og fylgiskjölum skal skilað til stjórnar félagsins eigi síðar en tíu dögum fyrir aðalfundinn, þ.e. í síðasta lagi fyrir kl. 16 sunnudaginn 12. mars, á netfangið agm@marel.com

Fundarstörf munu fara fram á ensku. Á aðalfundarvef félagsins, www.marel.com/agm er að finna allar frekari upplýsingar í tengslum við aðalfundinn, þ.m.t. upplýsingar um rétt hluthafa til að fá mál sett á dagskrá hluthafafundar og leggja fram ályktunartillögur fyrir fundinn, tillögur stjórnar félagsins, ársreikning félagsins fyrir árið 2022, upplýsingar um heildarfjölda hluta og atkvæðafjölda í félaginu þann 16. febrúar 2023, reglur um rafræna kosningu og frekari upplýsingar um skráningu og atkvæðagreiðslu.

Dagskrá fundarins og endanlegar tillögur verða gerðar aðgengilegar hluthöfum 14 dögum fyrir fundinn á www.marel.com/agm

Stjórn Marel hf.